

Væni dátinn Volodymyr, spillingin í Úkraínu, nasistarnar og málfrelsi

Fjórða forseta Úkraínu, Viktor Federovych Yanukovych (f. 1950), var árið 2014 steipt af stóli í valdaráni Bandaríkja Norður-Ameríku og úkraínskum nasistum. Hann var kjörinn réttmætri kosningu (sem Vesturlönd vel að merkja viðurkenndu). Þingið hefur þó aldrei staðfest gjörninginn samkvæmt stjórnarskrá. Lagalega er Viktor því enn þá forseti Úkraínu.

Í fyrstu kosningunum, eftir valdaránið, þ.e. í maí 2014, sigraði fyrrverandi ráðherra og auðkýfingur, Petro Oleksiyovych Poroshenko (f. 1965). Hann varpaði hlutleysi fyrir róða og beitti sér fyrir aðild að Nató. Í kosningunum árið 2019 tapaði hann fyrir gamanleikaranum, Volodomyr Oleksandrovykh Zelenskyy (f. 1978).

Að vissu leyti má skoða kosningarnar 2019 í ljósi átaka milli auðvaldanna (oligarch) í Úkraínu, sem ásamt Vesturveldunum, einkum Bandaríkjanna, þ.e. stjórnvalda og ýmissa „þjóðþrifasjóða“ erlendra auðkýfinga á borð við George Soros (f. 1930), höfðu veitt ógnarlegum fjármunum til ýmissa verkefna í Úkraínu.

Undirróður og áróður átti sér m.a. stað í gegnum fjölmiðla eins og sjónvarpsstöð auðkýfingsins, Ihor Valeriyovych Kolomoyskyi (f. 1963), og hollenskra stjórnvalda, sem gerði Volodomyr frægan í sjónvarpspáttunum, „Þjónn fólksins.“ Hann leikur enn þá hlutverkið, en nú sem lýðræðislega kjörinn forseti samkvæmt sömu áróðursuppskrift og Bandaríkjamenn beittu, þegar einkavinur William (Bill) Jefferson Clinton (f. 1946), Boris Nikolayevich Yeltsin (1931-2007), guðfaðir Vladimir Vladimirovich Putin (f. 1952), var kjörinn forseti Rússlands.

Í raun má segja, að í Úkraína eins og í Rússland, búi við auðvaldastjórn (oligarchy). Í Úkraínu maka auðvaldar m.a. krókinn á ákefð Bandaríkjanna og Natólanda eftir ítökum í landinu. Bandaríkin hafa þegar gaukað fimm milljörðum (billion) dala að Úkraínumönnum og milljarður í viðbót er á leiðinni í mynd vopnasendinga. Það má telja afar líklegt, að verulegur hluti þessarar „aðstoðar“ rati inn á reikninga gjörspilltra auðjöfra, embættismanna og stjórnámálamanna.

Einn þeirra er væni dátinn Volodymyr. Hann hefur selt sig dýrt fyrir atbeina Ihor og í skjóli hans. Hann er einnig í náð Biden feðganna, Jospeh Robinette (f. 1942) og Robert Hunter (f. 1970). Volodymyr á umtalsverðar eignir t.d. í Lundúnum og Florida.

Verulegur hluti erlendra „aðstoðar“ Vesturveldanna rennur til vopnakaupa og herþjálfunar úkraínskra hermanna. Þar eru eins og kunnugt er, nasistar fremstir í flokki, ásamt útlendingaherdeild og málaliðum bandarískra stríðsfyrirtækja.

Hugmyndafræði sinni samkvæmt hatast nasistarnir (eins og Vesturlandabúar um þessar mundir) við allt sem rússneskt er. Fréttamaður á einni af vestrænu sjónvarpsstöðvunum, Fahriddin Sharafmal, gerði svohljóðandi heyrum kunnugt þann 16. mars 2022:

Sem blaðamanni er mér kunnugt um skyldu mína til að vera hlutlægur, gæta jafnvægis og láta hjartað ekki ráða för við upplýsingagjöf. En í sannleika sagt er það afar erfitt um þessar mundir. Og þar sem við höfum verið kallaðir nasistar, fasistar og svo framvegis, get ég leyft mér að vitna til orða Adolf Eichmann [(1906-1962) austurríks-þýsks stríðsglæpamanns]. Hann sagði nauðsynlegt að drepa öll börn þeirrar þjóðar, sem útrýma ætti, því börnin myndu leita hefna, þegar þau yxu úr grasi. Séu þau drepin fyrst, mun þjóðin hverfa.

Hersveitir Úkraínu geta ekki útrýmt rússneskum börnum. Það banna reglur um stríðsrekstur. Það kveða ýmir sáttmálar á um, þar með talinn Genfarsáttmálinn. [Alþjóðleg mannúðarlög til verndar almennum borgurum í stríði.] En ég er ekki hermaður í Úkraínuher. Því mun ég afdráttarlaust myrða rússnesk börn, hvenær sem færi gefst.

Ég mun gera allt, sem í mínu valdi stendur til að búa svo um hnútana, að komið verði í veg fyrir viðgang og vöxt ykkar [fullorðinna Rússa] og barnanna á jörðu hér.

Við báðum ekki um þetta stríð heldur. Þið verðið að láta ykkur skiljast, að málið snýst um sigur úkraínsku þjóðarinnar, en ekki um frið. Við þurfum á sigri að halda. Og þurfi að slátra fjölskyldum ykkar, svo sigur fáist, verð ég fremstur í flokki slátraranna.

Dýrð sé úkraínskri þjóð!

Um það leyti, er hefndarstríð úkraínskra stjórnvalda brast á í Donbas, fórust úkraínska nasistanum, Bogdan Bouthevitch, orð á þessa leið:

Í Donetskheraði eru um það bil fjórar milljónir íbúa. Að minnsta kosti einni og hálfri milljón þeirra er ofaukið. Donbass verður að nýta sem auðlind. Ég ætla mér ekki þá dul að kynna uppskrift að lausn. En brýna nauðsyn ber til – sama hversu grimmilega það hljómar – að útrýma ákveðnum tegundum fólks.

Fólk af sauðahúsi Bogdan og Fahriddin er áberandi og valdamikið innan hinna ýmsu vébanda úkraínska hersins. Saga þeirra er blóði drifin. Nasistar er nú jafn líklegir og áður til að ráðast gegn Úkraínumönnum, sem eru af rússnesku bergi brotnir. Þeir eru eins og Úkraínuher allur, hvattir til dáða af Vesturlöndum, jafnvel hinum „friðsælu“

Norðurlöndum. Mannúð er lofsverð. En það er engin mannúð fólgin í því að hella olíu á ófriðarbálið í Úkraínu. Nægur er harmleikurinn samt. Það er mannvonska.

Stríðshaukurinn, Volodymyr, reynir enn að mana Vesturveldin til beinnar þátttöku í þessu skelfilega skríði. Málþipur og mannýgir þingmenn, fulltrúar vopnaiðnjöfranna, færast stöðugt í aukana og heimta svokallað lofthelgistríð yfir Úkraínu. Það felur í sér grímulausa stríðsyfirlýsingu á hendur Rússum.

Dettur einhverjum í hug, að þeir muni ekki verjast? Fari svo verður kjarnorkustríðsögnin yfirvofandi eina ferðina enn. Enn sem komið er, eru Bandaríkjamenn þeir einu, sem beitt hafa kjarnorkuvopnum í stríði. En slíkum vitfiringum kynni að fjölga, ef ekki verður gripið í taumana.

Önnur skæð vá gæti verið fyrir dyrum; eiturefna- og lífvopnastríð. Tilvist þeirra er væntanlega orðin alkunna, eftir játningar Victoria Nuland (f. 1961), hins bandaríska vettvangsstjóra valdaránsins í Kænugarði árið 2014, þess efnis, að Bandaríkjamenn hafi í samvinnu við úkraínsk stjórnvöld rekið fjölda sóttkveikjurannsóknaströðva víðs vegar um Úkraínu eins og þeir gerðu í Kína t.d.

Það er engum vafa undirorpið, að rússnesk yfirvöld beri óskipta ábyrgð á hernaðarinnrásinni. En það væri sjálfsblekking og ábyrgðarfirring að skoða ekki framvinduna. Þar bera Bandaríkin verulega ábyrgð sem og Natóríkin öll með tölu. Útþensla og ágengi Nató í austurveg hefur átt sér stað með samþykki íslenskra stjórnvalda.

Það er einnig vert að hafa í huga, að valdagræðgi undir ýmis konar yfirskinu blasir hvarvetna við í kimum stjórnmalanna. Það velkist varla nokkur maður í vafa um, að Pútín mikli vilji varðveita arf fyrirmyndar sinnar, Péturs mikla/ Pyotre Alekséyevich (1672-1725), aðgengi að höfunum fjórum. Hinn mikla leikfléttusmið, Recep Tayyip Erdogan (f.1954), dreymir um Stór-Tyrknesk ríki í austurátt. Bandaríkin halda enn þá örvæntingarfullt í drauminn um heimsyfirráð, en ramba á barmi upplausnar. Samtímis eiga Bandaríkin samráð við Nató um svokallað öryggisbelt í Evró-asíu, enda er Rússneska ríkjasambandið girt herstöðvum við vestur og suðurlandamæri sín.

Samfara vopnaskakinu á sér stað baráttan um hugi manna. Fréttaveitum er lokað sitt á hvað á Vesturlöndum, Rússlandi og Úkraínu. Hverjum þykir sinn fugl fagur. Fjölmíðlar og stjórnvöld krúnka sig saman um rétttrúnað. Lygavefir eru spunnir, stór orð falla. Einn af örlagavöldum Úkraínu, Joseph Biden, hefur kallað Vladimir Putin stríðsglæpamann. En honum dettur líklega ekki í hug að líta í eigin barm.

Það er óneitanlega þægilegt, að búa yfir sannleikanum. Þá er í sjálfu sér allt leyfilegt. Heilög stríð eru réttlætt á þann hátt.

Courtney Austrian, sendifulltrúi Bandaríkjanna hjá „Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu“ (Organization for Security and Cooperation in Europe - OSCE) talar í þessum anda:

„Fjölmiðlafrelsi felur ekki í sér réttinn til að dreifa meinfýsilegum áróðri og rangfærslum. Við styðjum ákvörðum Úkraínumanna til að verja fullveldi og óskerta lögsögu innan eigin landamæra gegn blygðunarlausri og illgjarnri íhlutun Rússa.“

Íslenskur skoðanabróðir hennar Arnar Eggert Thoroddsen, aðjúnkt í félagsfræði við Háskóla Íslands, orðaði þetta svo: „Það er ákveðin málabyrgð, sem trompar þetta blessaða málfrelsi. Læknasamfélagið og vísindasamfélagið er fyrir lifandis löngu búið að sanna það, að þetta er algjör vitleysa, sem er verið að spýja þarna út [upplýsingar um covid-19]. Þannig, að það er ekki hægt að bjóða fólki uppá þetta. ...“

Vissulega hefur gagnrýni Courtney við rök að styðjast. Í alþjóðalögum – að því marki, sem þau í reynd eru til – er kveðið á um sjálfsákvörðunarrétt þjóða. Suma kynni að reka minni til stríðs Nató á hendur Serbíu, fullvalda ríkis, til að frelsa Kosovóbúa úr höndum vondra Serba. Í kjölfar þess, túlkaði Alþjóðadómstóllinn, að það bryti ekki í bága við alþjóðlög, að þjóð eða þjóðarbrot krefðist sjálfstæðis frá fullvalda ríki. En það gerðu Krímverjar og íbúar Donbas.

Því miður er hætta á, að hið ógæfusamlega óþurftarstríð í Úkraínu fari úr böndunum. Eineygðir grunnregluriddarar munda lensurnar og jafnvel skynsamnt fólk og gagnmenntað lætur hrífast á bylgju óskynsemi, þekkingarskorts, öfga og múgæsings.

Nú er þörf raunsæisstjórnmalamanna á borð við þá, sem lögðu grunninn að Evrópusambandinu og þýsk-evrópskri „Ostpolitik“ (mýkt í samskiptum Vestur- og Austur Evrópu). Þannig var járntrjaldinu lyft, Berlinarmúrinn mölvaður (1989) og blásið hlýjum þey í kalda stríðið. En nú er hann brostinn á með norðangarra heimsku og haturs.

Guð blessi heimsins börn!

<https://slavyangrad.org/2014/08/01/ukrainian-journalist-openly-calls-for-genocide-on-hromadske-tv-financed-by-us-and-netherlands/>

<https://www.dailymail.co.uk/news/article-10569141/Putin-NOT-crazy-Russian-invasion-NOT-failing-writes-military-analyst-BILL-ROGGIO.html>

<https://steigan.no/2022/03/victoria-nuland-innrommer-at-ukraina-har-biologiske-forskningsfasiliteter/>

<http://dilyana.bg/documents-expose-us-biological-experiments-on-allied-soldiers-in-ukraine-and-georgia/>

<https://steigan.no/2022/02/dokumenter-avslorer-amerikanske-biologiske-eksperimenter-pa-allierte-soldater-i-ukraina-og-georgia/>

<https://beckernews.com/3-russian-ministry-of-defense-claims-it-has-evidence-of-u-s-funded-bioweapons-labs-in-ukraine-44303/>

https://twitter.com/CaoYi_MFA/status/1501201567478865922

https://tass.com/politics/1418689?utm_source=google.com&utm_medium=organic&utm_campaign=google.com&utm_referrer=google.com

https://cdn.substack.com/image/fetch/f_auto,q_auto:good,fl_progressive:steep/https%3A%2F%2Fbucketeer-e05bbc84-baa3-437e-9518-adb32be77984.s3.amazonaws.com%2Fpublic%2Fimages%2F9e339b93-77ae-4a9b-b60f-230ab4eb0049_1992x1238.png

https://cdn.substack.com/image/fetch/f_auto,q_auto:good,fl_progressive:steep/https%3A%2F%2Fbucketeer-e05bbc84-baa3-437e-9518-adb32be77984.s3.amazonaws.com%2Fpublic%2Fimages%2F9e339b93-77ae-4a9b-b60f-230ab4eb0049_1992x1238.png

<https://ua.usembassy.gov/embassy/kyiv/sections-offices/defense-threat-reduction-office/biological-threat-reduction-program/>

<https://www.youtube.com/watch?v=nZVlaXFN2IU>

<https://dailyexpose.uk/2022/02/24/is-there-is-more-to-the-ukraine-russia-conflict/>

https://www.utvarpsaga.is/fyrirtaeki-hunter-biden-fjarfesti-i-lifefna-rannsoknarstofum-i-ukrainu-bandarikjastjorn-uppvis-ad-osannindum/?fbclid=IwAR10XdWAmHnsAw_lQaC9CLnr5guHLTla4es9AL60qbYUmAvlPdmLHZFm71g

<https://thenationalpulse.com/2022/03/08/obama-led-ukraine-biolab-efforts/>

<https://steigan.no/2022/03/norge-ynkelig-i-fns-sikkerhetsrad-stiller-ikke-en-gang-sporsmal-til-usa-om-de-biologiske-laboratoriene-i-ukraina/>

<https://gilbertdoctorow.com/2022/03/09/u-s-nailed-to-the-wall-on-illicit-biological-weapons-labs-in-ukraine/>

<https://news.antiwar.com/2022/03/14/parliament-of-nato-member-estonia-calls-for-no-fly-zone-over-ukraine/>

<https://www.kyivpost.com/article/content/business/akhmetov-inches-closer-to-monopolizing-thermoelect-117192.html>

<https://www.ceps.eu/ceps-publications/ukraines-unimplemented-anti-corruption-reform/>

https://www.iri.org/wp-content/uploads/legacy/iri.org/wysiwyg/2015-05-19_ukraine_national_municipal_survey_march_2-20_2015.pdf

<https://www.aftenposten.no/verden/i/eKM6y/her-maa-laereren-smoeres-og-doktoren-bestikkes-det-er-europas-mest-korru>

<https://www.theguardian.com/news/2021/oct/03/revealed-anti-oligarch-ukrainian-president-offshore-connections-volodymyr-zelenskiy>

<https://www.washingtonpost.com/news/monkey-cage/wp/2016/05/05/how-western-aid-enables-graft-addiction-in-ukraine/>

<https://www.nytimes.com/2021/03/05/world/europe/ukraine-sanctions-oligarch-kolomoisky.html>

<http://en.kremlin.ru/events/president/news/56957>

<https://www.aljazeera.com/news/2021/2/5/ukraines-president-bans-pro-russian-networks-risking-support>

<https://steigan.no/2019/12/en-revolusjon-i-militaere-sporsmal/>

<https://www.aljazeera.com/news/2022/3/15/zelenskyy-urges-ukraine-no-fly-zone-in-canada-parliament-address>

<https://dailyexpose.uk/2022/03/04/rise-of-zelensky-from-comedian-to-president/>

<https://www.wardiary.net/post/ukrainian-neo-nazi-leader-we-the-only-ones-who-are-ready-to-carry-out-the-tasks-of-the-west>

<https://steigan.no/2022/03/vil-ta-milliarder-fra-vanlige-folk-i-norge-og-gi-dem-til-et-av-verdens-mest-korrupte-land/>

<https://www.youtube.com/watch?v=fUPKZkqXfZI>

https://mollymccann.substack.com/p/the-molly-mccann-memo-vol-1-issue?utm_source=url&s=r

<https://dailyexpose.uk/2022/03/16/what-imf-conditions-has-ukraine-accepted/>

<https://www.youtube.com/watch?v=IRJ4umS7dJA>

<https://www.youtube.com/watch?v=S9SOVarOFJk>

<https://www.europesun.com/news/272392972/tv-presenter-calls-for-killing-children-es-nazi-war-criminal>